



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Alþingi – nefndasvið

b.t. fjárlaganefndar

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Borgarnesi 19 október 2020

Efni; Umsögn um fjárlög 2021, 1 mál

Í þessari umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) er farið yfir helstu þætti í fjárlögum sem hafa áhrif á stöðu mála hjá sveitarfélögum á Vesturlandi. Í upphafi er rétt að nefna að SSV fagnar þeim áformum sem stjórnvöld hafa varðandi það að auka fjárfestingar í kjölfar samdráttar í efnahagslífi sem orðið hefur vegna Covid 19 sem og að standa vörð um menntun, velferðarþjónustu og nýsköpun í atvinnulífi. Samt sem áður er ýmislegt sem við teljum að betur megi fara.

Á Haustþingi SSV sem fram fór 16 október s.l. kom fram að sveitarfélögin hafa þungar áhyggjur af þeim tekjusamdrætti sem blasir við þeim, bæði vegna lækkandi útsvarstekna sem og lækkunar á framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í ályktun segir „Haustþing SSV telur því afar brýnt að gripið verði til almennra aðgerða af hálfu ríkisins til þess að styðja við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægast í því sambandi er að tryggja að framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna skerðist ekki enda yrði það í ósamræmi við þær áskoranir sem komið hafa fram af hálfu ríkisvaldsins um auknar efnahagslegar aðgerðir sveitarfélaganna.“ Jafnframt var bent á það mikilvæga hlutverk sem Jöfnunarsjóður hefur varðandi fjármögnun á þjónustu við fatlaða einstaklinga og var lögð þung áhersla á að framlög sjóðsins til málefna fatlaðra skerðist ekki.

SSV mótmælir þeim áformum sem koma fram í Fjárlögum um að heimilt sé að selja hlut ríkisins í fasteigninni að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi. Áður en fasteignin var sett á sölu var rekið nýsköpunar- og frumkvöðlasetur í hluta þess rýmis sem hefur verið til sölu. Á sama tíma og Byggðastofnun kallar eftir upplýsingum um húsnæði sem henti undir slíka starfsemi setja Fasteignir ríkisins húsnæðið á sölu. Það er ljóst að fjárlög 2021 gera ráð fyrir því að nýsköpun verði einn þeirra þátta sem muni leiða okkur út úr efnahagsþrengingunum og því er mikilvægt að allar stofnanir ríkisins gangi í takt til að svo verði. Nýsköpunarsetur og samvinnurými leika stórt hlutverki og mikilvægt að hægt sé að nýta húsnæði sem fasteignir ríkisins eiga undir slíka starfsemi.

Í Hagvísí SSV sem kom út í byrjun árs 2020 kemur fram að hlutfallslega eru hvergi færri opinber störf á vegum ríkisins en á Vesturlandi ef borið er saman við aðra landshluta. Í stjórnarsáttmála núverandi


ríkisstjórnar er kveðið á um að „Ráðuneytum og stofnunum verður falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er“. Þetta markmið er skilgreint frekar í núverandi byggðaaætlun og þar er sett sem markmið að árið 2024 verði 10% starfa á vegum ríkisins og stofnana auglýst án staðsetningar. Því miður virðist vera langt í land með að þau markmið sem sett voru náist. Því skorar Haustþing SSV á ríkisvaldið og einkageirann að byggja upp starfsstöðvar og fjölga störfum án staðsetningar í takt við markmið stjórnvalda í byggðamálum. Með aukinni tækni er landið eitt atvinnusvæði og á landsbyggðinni er mikill mannauður. Það er ljóst að ef þessi markmið eigi að verða að veruleika er mikilvægt að geta boðið upp á nýsköpunarsetur og samvinnurými.

Á fjárlögum er gert ráð fyrir að framlög til Sóknaráætlana landshluta skerðist. Að okkar mati er það afar bagalegt þar eða sóknaráætlun og uppbyggingarsjóður er í lykilhutverk á landsbyggðinni til að efla nýsköpunar og menningarstarf. Fjárlög gera ráð fyrir því að veita meira fjármagni í ýmsa sjóði sem starfa á landsvísu, en reynslan hefur sýnt að hlutfallslega eru mun færri styrkir úr þessum sjóðum að fara til landsbyggðarinnar en höfuðborgarsvæðisins. SSV hvetur því eindregið til þess að framlög til sóknaráætlana verði aukin til þess að styðja við nýsköpun og menningarstarf á landsbyggðinni.

Í upphafi þessarar umsagnar kom fram að það er fagnaðarefni að auka eigi við fjárfestingar, t.d. í samgöngumálum og við munu sem betur fer sjá þessi merki á Vesturlandi. Hins vegar telur stjórn SSV mikilvægt að auka enn frekar framlög til uppbyggingar á háhraða nettengingum, sem eru einn mikilvægasti hlekkurinn í samskiptum, þ.m.t. viðskiptaháttum nútímans, og hluti af grunngerð samfélagsins. Afar brýnt er að horfa sérstaklega til þéttbýlisstaða á landsbyggðinni sem ennþá eru án ljósleiðara og skapa þau skilyrði, að ljósleiðaravæðing á þessum stöðum gangi hraðar fyrir sig, þannig að sami árangur náist í því verkefni og við ljósleiðaravæðingu á dreifbýli sem hefur heppnast afar vel.

Þrátt fyrir að stjórnvöld ætli sér að standa vörð um heilbrigðisþjónustu virðist sú staða vera uppi enn og aftur að fjárveitingar til hjúkrunar- og dvalarheimila eru ekki að standa undir nauðsynlegri þjónustu. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki að sjá að gert verði ráð fyrir að þessar stofnanir fái auknar fjárveitingar, en þess í stað gerðar aðhaldskröfur á rekstur þeirra. Á sama tíma og stofnanir á vegum ríkisins eru að fá fjárveitingar vegna „reiknaðs raunvaxtar“ í veittri þjónustu og fjárveitingu vegna aukinna verkefna þá eru hjúkrunar- og dvalarheimili sem eru í eigu sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnanna ekki að fá slíkar viðbætur. Þetta er með öllu óviðunandi þar eða sveitarfélög á Vesturlandi hafa undanfarin ár lagt þessari þjónustu til verulegt fjármagn og má benda á að tæplega 4% af tekjum Dalabyggðar fara í að borga með þessum rekstri. SSV hvetur til þess að fjárveitingar til hjúkrunar- og dvalarheimila undir fjárlagalið 25.10 verði auknar.

Í þessari umsögn hafa verið reifaðar helstu ábendingar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa varðandi tillögu að fjárlögum 2021.

Með vinsemd og virðingu

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV